# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt fyrir gatnagerðargjald, sölu byggingarréttar, stofngjald vatnsveitu, stofngjald fráveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld tæknideildar í Hveragerði nr. 456/2007.**

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Veittur er 50% afsláttur af gatnagerðargjaldi lóða sem úthlutað er árið 2014.

2. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ekki verður innheimt gjald fyrir byggingarrétt af lóðum í sveitarfélaginu sem sótt verður um á árinu 2014.

3. gr.

Samþykkt þessi var samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. febrúar 2014 og er sett með heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald. Samþykktin öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 24. febrúar 2014.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2014